

## Umhverfis- og loftslagsstefna RÚV

### Framtíðarsýn

RÚV ætlar að vera til fyrirmyndar í umhverfis- og loftslagsmálum og halda neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi stofnunarinnar í lágmarki. Stofnunin leggur sitt af mörkum til að skuldbindingum íslenskra stjórnvalda gagnvart Parísarsamkomulaginu verði náð en beitir sér einnig sjálfstætt og tekur þannig virkan þátt í baráttunni við loftslagsvána. RÚV tryggir að lagalegum kröfum sem tengjast starfseminni sé fylgt og vinnur að stöðugum umbótum á umhverfisstarfi stofnunarinnar.

### Yfirmarkmið

RÚV ætlar að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) á hvert stöðugildi um 30% fyrir árið 2030 miðað við árið 2019. Við leggjum okkar af mörkum til kolefnisbindingar í gegnum mismunandi verkefni en erum jafnframt meðvituð um að slíkt framlag réttlætir ekki að slegið sé slöku við að draga úr losun.

### Gildissvið

Stefna þessi tekur til umhverfisáhrifa af innri rekstri RÚV og varðar allt starfsfólk og verktaka hjá stofnuninni. RÚV er með starfsstöðvar í Reykjavík, Borgarnesi og á Akureyri og rekur auk þess dreifistöðvar um land allt. Reynt er eftir fremsta megni að mæla þá umhverfisþætti sem falla undir umfang stefnunnar á öllum starfsstöðvum og dreifistöðvum.

### Umfang

Umhverfis- og loftslagsstefna RÚV fjallar um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda samkvæmt leiðbeiningum um loftslagsstefnur opinberra aðila. Stefnan tekur til eftirfarandi umhverfisþátta sem verður bæði hægt að fylgjast með og mæla hverju sinni.

### Samgöngur:

- Losun GHL vegna aksturs bifreiða tengdra rekstri RÚV.
- Losun GHL vegna flugferða starfsfólks innanlands.
- Losun GHL vegna flugferða starfsfólks til útlanda.
- Fjöldi samgöngusamninga sem stofnunin gerir við starfsfólk.
- Fjöldi hleðslustæða við Útvarpshúsið í Efstaleiti.
- Hlutfall leigubílaferða sem farnar eru á rafmagns- eða tengiltvinnbílum.



Orkunotkun:

Rafmagnsnotkun á öllum starfsstöðvum og sendastöðum.  
Heitavatnsnotkun á öllum starfsstöðvum og sendastöðum.

Úrgangur:

Losun GHL vegna lífræns úrgangs sem fellur til á öllum starfsstöðvum.  
Losun GHL vegna blandaðs úrgangs sem fellur til á öllum starfsstöðvum.  
Heildarmagn úrgangs sem fellur til á öllum starfsstöðvum.  
Magn prentaðs skrifstofupappírs á öllum starfsstöðvum.  
Endurvinnsluhlutfall á öllum starfsstöðvum.

Innkaup:

Hlutfall umhverfisvottaðs skrifstofupappírs í starfsemi RÚV.  
Hlutfall umhverfisvottaðrar prentþjónustu í starfsemi RÚV.  
Magn innkaupa á ýmsum rekstrarvörum hjá RÚV.  
Umhverfismerktar vörur og þjónusta eru valdar umfram aðrar.  
Umhverfisvæn efni eru notuð við ræstingar hjá RÚV og einungis skipt við ræstingafyrirtæki með Svansvottun.  
Hlutfall hálosunarmáltíða (nautakjöt, lambakjöt) af heildarframboði í mótuneyti.

**Eftirfylgni**

Frá 2021 hefur RÚV haldið grænt bókhald þar sem teknir eru saman þýðingarmestu umhverfisþættirnir í starfseminni. Niðurstöður bókhaldsins eru notaðar til að móta stefnu og aðgerðir í umhverfis- og loftslagsmálum.

Fyrir 1. apríl ár hvert er grænt bókhald fyrra árs tekið saman og því skilað í gagnagátt Umhverfisstofnunar. Umhverfisnefnd sér um að taka bókhaldið saman í samstarfi við fjármáladeild. Umhverfis- og loftslagsstefnan er rýnd árlega af umhverfisnefnd og áherslur, markmið og aðgerðaáætlun uppfærð þegar niðurstöður græns bókhalds liggja fyrir. Allar uppfærslur verða lagðar fyrir framkvæmdastjórn til samþykktar. Útvarpsstjóri og framkvæmdaráð bera ábyrgð á að loftslagsstefnunni sé framfylgt. Starfsfólk og verktakar á vegum RÚV framfylgja stefnunni og hafa hana að leiðarljósi í störfum sínum.

Niðurstöðum græns bókhalds og árangri umhverfis- og loftslagsstefnu er miðlað til samfélagsins á RÚV.is og í rafrænni ársskýrslu ár hvert. Einnig birtast niðurstöður græns bókhalds á vef Grænna skrefa ásamt niðurstöðum annarra ríkisstofnana.

**Kolefnisjöfnun**

Sú losun sem stendur eftir ár hvert vegna þessara þátta verður kolefnisjöfnuð með kaupum á áreiðanlegum og vottuðum kolefniseiningum.



Þá stefnir RÚV að kolefnishlutlausri starfsemi. Fjárfest verður í kolefnisbindingarverkefnum sem svara til losunar hvers árs. Verkefnin verða að vera áreiðanleg og alþjóðlega vottuð.

**Umhverfis- og loftslagsstefna RÚV**

3 / 4

**Umhverfis- og loftslagsstefna RÚV tekur mið af:**

Leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um loftslagsstefnur opinberra aðila.


Skuldbindingum íslenskra stjórnvalda gagnvart Parísarsamkomulaginu.

Aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum.

Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Grænum skrefum.

Ríkisútlit, 17. febrúar 2022



---

Stefán Eiríksson, útvarpsstjóri.



## Áherslur RÚV í umhverfis- og loftslagsmálum:

Umhverfis- og  
loftslagsstefna RÚV

4 / 4

Drögum úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna samgangna, innkaupa, úrgangs og orkunotkunar.  
Höfum umhverfissjónarmið í huga við allar fjárfestingar.  
Eflum fjarfundamenningu.  
Vinnum ávallt að því að draga úr úrgangi og auka endurnýtingu og endurvinnslu.  
Hugum að orkusparnaði.  
Fræðum starfsfólk um innra umhverfisstarf og önnur umhverfismál.  
Hvetjum til aukinnar umhverfisvitundar í samfélaginu.  
Veljum umhverfisvænni kosti þegar keypt er inn.  
Fylgjum Grænum skrefum.  
Kolefnisjöfnum losun okkar með ábyrgum hætti.  
Kynnum okkur tæknilegar lausnir sem auðvelda umhverfisstarf.  
Gefum starfsfólki, sem á þess kost, möguleika á að vinna að heiman einn dag í viku í samræmi við fjarvinnustefnu.  
Nýjar bifreiðar sem keyptar eru eða leigðar til starfseminnar eru hreinir rafbílar, tengiltvinnbílar eða metanbílar eftir því sem mögulegt er.  
Forðumst notkun einnota aðfanga s.s. borðbúnaðar og óparfa umbúða.  
Allur tölvu- og skrifstofubúnaður skal hafa viðurkennd umhverfismerki.  
Hugum að kolefnisspori máltíða og aukum hlut grænmetis og fisks í mötuneyti.  
Aukum vitund um kolefnisspor matvæla með skilaboðum og fræðslu í mötuneyti.  
Þjóðum upp á grænmetisvalkost í sjálfsölum.  
Reynum að samnýta auðlindir okkar og annarra þegar hægt er; hér eru tækifæri varðandi tækjabúnað, útsendingarbíl, stúdíó og verkstæði.